

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

08 807

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárhæmildaliðum	6
Skýringar	7

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

kt. 490379-0379

Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

Starfsemin fellur undir málefnaði 24 og málauflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 670,9 milljónir og afkoma kr. 76,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 11,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 212,4 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Vörusala stofnunarinnar á heyrnar- og hjálpartækjum er nauðsynleg sem tekjuöflun en hefur rýrnað mjög síðari ár vegna manneklu og aðstöðuleysis. Fjárveitingarvald hafnar rekstraráætlunum sem ekki styðja óraunhæfar kröfur um sértekjur. Umsjón með afgreiðslu greiðslupáttöku Sjúkratrygginga í heyrnar- og hjálpartækjum er fært sem innbyrðis framlög frá Heilbrigðisráðuneyti, sem skekkir einnig mynd af rekstri. Nauðsynlegt er að tryggja eðlileg framlög á Fjárlögum til að standa undir rekstri stöðvarinnar og fella niður sérlög um stofnunina sem hamla öflun sértekna. Endurteknar leiðréttigar með fjáraukalögum eru óeðlilegar. Að öðrum kosti þarf að leggja stofnunina niður í núverandi mynd eða sameina hana stærri rekstrareiningu. Tillögur þar að lútandi hafa ítrekað verið ræddar við Heilbrigðisráðuneyti.

Á árinu var skipt um viðskiptabanka og jafnframt var skipt um sölu- og bókhaldskerfi þar sem eldra kerfi var orðið úrelt og ekki þjónustað lengur. Vegna breytinga á sölu- og bókhaldskerfi hafa komið fram villur í færslu á sölu á þjónustu og vörusölu sem gætu skekkt uppgjör ársins hvað varðar virðisaukaskatt. Yfirfærsla yfir í Orra, fjárhagskerfi Fjársýslu hefur einnig verið með nokkrum hnöknum á innleiðingartíma. Þá komu einnig í ljós rangar færslur á einn lykil (tvíbókun) þegar bankareikningur var fluttur í nýjan viðskiptabanka sem skekkir afstemmingu reiknings lítillega. Stofnunin vinnur að úrbótum með endurskoðanda/skattaráðgjafa.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi að öðru leyti glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárvistöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Kristján Sverrisson
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	390.200.000	314.800.000
Seld þjónusta		116.385.197	23.825.970
Vörusala		(22.972.567)	147.895.810
Framlög og ýmsar tekjur	3	181.250.484	132.365.264
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	6.068.649	6.050.316
Tekjur samtals		670.931.763	624.937.360
Gjöld			
Framlög og tilfærslur		1.001.771	(1.752.820)
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	291.503.887	263.343.226
Annar rekstrarkostnaður	5	297.571.766	320.343.606
Afskriftir og niðurfærslur	6	6.068.649	6.050.316
Gjöld samtals		596.146.073	587.984.328
Afkoma fyrir fjármagnsliði		74.785.690	36.953.032
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		2.721.846	4.252.510
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.047.288)	(3.374.564)
		<u>1.674.558</u>	<u>877.946</u>
Afkoma ársins		<u>76.460.248</u>	<u>37.830.978</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárhheimildaliðum	2		
Rekstur		16.862.019	33.478.158
Rekstrartilfærslur		59.598.229	4.352.820
		<u>76.460.248</u>	<u>37.830.978</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé	7	62.263.156	57.833.224
Tengdir aðilar	8	50.215.767	39.462.211
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.936.152	652.846
Birgðir		74.798.852	85.501.536
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	23.148.925	28.408.961
Eignir samtals		212.362.852	211.858.778
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	37.590.024	146.516.671
Viðskiptaskuldir	10	32.122.580	47.810.902
Ýmsar skammtímaskuldir	11	90.297.254	45.759.810
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	40.453.399	36.332.048
Skuldir samtals		200.463.257	276.419.431
Eignir samtals að frádegnum skuldum samtals		11.899.595	(64.560.653)
Eigið fé			
Hrein eign	13	11.899.595	(64.560.653)
Eigið fé samtals		11.899.595	(64.560.653)
Eigið fé og skuldir samtals		212.362.852	211.858.778
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymsyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		76.460.248	37.830.978
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjártreymi:			
Afskriftir	6	6.068.649	6.050.316
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(6.068.649)	(6.050.316)
		76.460.248	37.830.978
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakrófur - aðrar skammtímakrófur		(1.283.306)	(608.164)
Tengdir aðilar		(110.298.816)	(44.097.503)
Birgðir		10.702.684	8.466.662
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		28.849.122	909.810
		(72.030.316)	(35.329.195)
	Handbært fé frá rekstri	4.429.932	2.501.783
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(808.613)	(7.338.843)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		1.190.000	0
		381.387	(7.338.843)
Fjármögnumnarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		(381.387)	7.338.843
		(381.387)	7.338.843
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		4.429.932	2.501.783
Handbært fé í byrjun árs		57.833.224	55.331.441
	Handbært fé í árslok	62.263.156	57.833.224

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymsyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárhheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	203.000.000	2.600.000	9.000.000	214.600.000
Fjáraukalög	119.000.000	0	0	119.000.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	322.000.000	2.600.000	9.000.000	333.600.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárhheimilda				
Launabætur	7.600.000	0		7.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	58.000.000		58.000.000
Fjárveiting ársins	329.600.000	60.600.000	9.000.000	399.200.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	(68.913.473)	4.352.820	7.923.087	(56.637.566)
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .	4.352.820	(4.352.820)	0	0
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	265.039.347	60.600.000	16.923.087	342.562.434
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértækjum	(312.737.981)	(1.001.771)	381.387	(313.358.365)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	(47.698.634)	59.598.229	17.304.474	29.204.069

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaveignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsrekning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsejanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsejanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2024 2023

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	390.200.000	314.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	6.068.649	6.050.316
	396.268.649	320.850.316

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	203.000.000	2.600.000	0	205.600.000
Fjáraukalög	119.000.000	0	0	119.000.000
Launabætur	7.600.000	0	0	7.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	58.000.000	0	58.000.000
Fjárveiting til tekna	329.600.000	60.600.000	0	390.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum .	(312.737.981)	(1.001.771)	0	(313.739.752)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	16.862.019	59.598.229	0	76.460.248

2024 2023

3 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	181.250.484	132.365.264
	181.250.484	132.365.264

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	232.506.009	214.092.463
Orlof, breyting	4.043.635	(151.624)
Önnur launagjöld, ótalín annars staðar	1.217.487	0
Launatengd gjöld	53.072.756	48.671.746
Starfsmannakostnaður	664.000	730.641
	291.503.887	263.343.226

Meðalfjöldi stöðugilda	21,6	20,8
------------------------------	------	------

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	615.673	1.883.679
Tæki og búnaður til innréttингa	200.550	0
Ýmis tæki og áhöld	699.748	186.780
Varahlutir og viðhaldsvörur	980.111	148.986
Orkugjafar	1.364.790	1.034.279
Matvæli	5.596.378	4.938.059
Almennar rekstrarvörur	372.779	618.145
Vörukaup, almenn	9.830.029	8.809.928
Lækninga- og hjúkrunarvörur	1.580.856	394.655
Sjúkrahústæki og áhöld	643.444	69.721
Kennslu- og föndurvörur	194.674	289.371
Ýmsar sérgreindar vörur	19.850	45.696
Vörukaup, sérgreind	2.438.824	799.443

Skýringar

	2024	2023
5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Fundir, námskeið, risna	2.235.021	1.899.465
Ferðir, upphald	4.085.649	5.127.350
Akstur	3.679.954	2.427.058
Sérfræðiþjónusta	14.519.439	12.755.830
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	3.256.956	235.734
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	458.623	731.623
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	9.604.431	6.752.847
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>37.840.073</u>	<u>29.929.907</u>
Afnotagjöld	23.432.214	16.910.083
Leigugjöld	32.099.827	31.198.023
Notkun véla og flutningataækja	418.200	39.390
Verkkaup	6.757.218	6.935.982
Tryggingar, lögboðnar	(25.237)	178.142
Opinber gjöld	86.030	446.164
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>62.768.252</u>	<u>55.707.784</u>
Vörukaup	184.694.588	225.096.544
Vörur til endursölu og birgðabreyting	<u>184.694.588</u>	<u>225.096.544</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>297.571.766</u>	<u>320.343.606</u>
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	4.745.734	4.631.006
Farartæki og vélar	<u>1.322.915</u>	<u>1.419.310</u>
	<u>6.068.649</u>	<u>6.050.316</u>
	31.12.2024	31.12.2023
7 Handbært fé		
Sjóðir	2.730.205	2.730.205
Tékkareikningar	<u>59.532.951</u>	<u>55.103.019</u>
	<u>62.263.156</u>	<u>57.833.224</u>
8 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar	50.215.767	39.462.211
	<u>50.215.767</u>	<u>39.462.211</u>
<i>Skuldri við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	30.098.135	137.114.328
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	7.491.889	9.402.343
	<u>37.590.024</u>	<u>146.516.671</u>

Skýringar

31.12.2024 31.12.2023

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	21.858.540	25.795.661
Farartæki og vélar	1.290.385	2.613.300
	<hr/>	<hr/>
	23.148.925	28.408.961

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2024	61.836.018	14.689.953	76.525.971
Viðbætur á árinu	808.613	0	808.613
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	62.644.631	14.689.953	77.334.584
Afskriftir 01.01.2024	36.040.357	12.076.653	48.117.010
Afskrift ársins	4.745.734	1.322.915	6.068.649
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Staða 31.12.2024	21.858.540	1.290.385	23.148.925

31.12.2024 31.12.2023

10 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir	32.122.580	47.810.902
	<hr/>	<hr/>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	20.654.630	23.212.599
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt	11.467.950	24.598.303
	<hr/>	<hr/>
	32.122.580	47.810.902

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	35.931.313	31.887.678
Önnur ógreidd gjöld	36.070.591	1.921.780
Skattar	18.295.350	11.950.352
	<hr/>	<hr/>
	90.297.254	45.759.810

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	23.148.925	28.408.961
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	17.304.474	7.923.087
	<hr/> 40.453.399	<hr/> 36.332.048
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	28.408.961	36.332.048
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	9.000.000
Áhrif seldra eigna	0	1.190.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	808.613	(808.613)
Tekjufærsla frestaðra tekna	<hr/> (6.068.649)	0
	23.148.925	17.304.474
	<hr/> 23.148.925	<hr/> 40.453.399

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 4,6 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

13 Egið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(64.560.653)	(102.391.631)
Afkoma ársins	76.460.248	37.830.978
Jöfnuður 31.12.	<hr/> 11.899.595	<hr/> (64.560.653)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði og þjónustusamninga. Áætluð greiðsla vegna húsaleigu árið 2025 nemur kr. 55,9 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 29,2 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Vegna breytinga á sölu- og bókhaldskerfi hafa komið fram villur í færslu á sölu á þjónustu og vörusölu sem gætu skekkt uppgjör ársins hvað varðar virðisaukaskatt. Yfirfærsla yfir í Orra, fjárhagskerfi Fjársýslu hefur einnig verið með nokkrum hnöknum á innleiðingartíma. Þá komu einnig í ljós rangar færslur á einn lykil (tvibókun) þegar bankareikningur var fluttur í nýjan viðskiptabanka sem skekkir afstemmingu reiknings lítillega. Stofnunin vinnur að úrbótum með endurskoðanda/skattaráðgjafa.

Í ljósi erfiðleika við reikningsskil, afstemmingar og leiðréttингar á villum í færslum milli nýlega innleidds bókhaldskerfis HTÍ (Dk) og kerfis Fjársýslu, Orra, telur stofnunin nauðsynlegt að úthýsa umsjón og færslu bókhalds. Sértað og nauðsynleg þekking er ekki til í svo smárrí rekstrareiningu. Setti stofnunin sig því í samband við Fjársýslu ríkisins s.l. haust og hafa viðræður hafist um slíka samvinnu fyrir bókhald ársins 2025.